

Altomar III í Los Arenales

Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis ásamt þremur öðrum stéttarfélögum, hefur til umráða orlofsíbúð nr. 13 í Altomar III í Los Arenales á Spáni.

Raðhúsahverfið Altomar III í Los Arenales er rétt sunnan við Alicante borg og mjög gott útsýni er til Alicante frá ströndinni í Los Arenales. Akstur frá Alicante flugvelli til hverfisins tekur um 15 mínútur, en um 20 mín akstur er inn í miðborg Alicante frá íbúðinni. Auðvelt er að taka bílaleigubíl frá flugvelli og auðvelt að fylgja leiðbeiningum til áfangastaðar.



Leiguskilmálar

Orlofshúsið er leigt tvær vikur í senn að sumrinu, frá þriðjudegi til þriðjudags. Leigutakar geta komið í íbúð kl.19:00, brottför úr íbúð er í síðasta lagi kl. 11:00.

Sumarleiga kostar 80.000 krónur en vikuleiga að vetri kostar 40.000 krónur. Hægt er að leigja allt niður í einn sólahring að vetrinum og kostar sólahringurinn kr. 6.000. Greitt er sérstaklega fyrir **brottfararþrif kr. 17. 000**, óháð lengd dvalar.

Bókanir fara fram hjá Verkalýðsfélagi Snæfellsness og eru félagsmenn beðnir að snúa sér til Ólafar sem tekur þar við bókunum frá kl. 10:00-15:00 á virkum dögum.

Síminn hennar er 588 1991 og netfangið er olof@verks.is.

Hús og búnaður

Íbúðin er nr. 13 og er á jarðhæð í raðhúsahverfinu Altomar III í Los Arenelas. Hefur hún fengið nafnið „Vinaminni“.

Í íbúðinni eru 2 svefnherbergi, setu- og borðstofa, sér eldhús og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld og borðbúnaður, sængur og koddar. Loftkæling er í húsinu.

Íbúðin er í lokuðum kjarna sem ekki er hægt að komast inn í nema hafa lykil eða aðgangsheimilid.

Íbúðin er vel búin öllum helstu þægindum og mjög gott aðgengi er að henni. **Gistipláss er fyrir 6 fullorðna í tveimur herbergjum og svefnsófa í stofu, einnig fylgir ferðabarnarúm.**

Raðhúsakjarninn er mjög snyrtilegur en fyrir miðju kjarnans er sameiginleg sundlaug með barnalaug sem aðeins íbúarnir hafa aðgang að. Við hliðina á sundlauginni er stigahús niður í bílastæðakjallarann en íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslunni.

Dvalargestir losa sig við sorp í gám við byggðina. Í húsinu er sjónvarp, örbylgjuofn, þvottavél og svefnsófi í stofu. Samanbrotið barnarúm er í tösku í svefnherbergi og barnastóll í stofu. Garðborð og stólar ásamt tveim sólbekkjum fylgja og verða gestir að setja garðhúsgögn inn í lok dvalar. Ekki er gæsla við sundlaugarsvæði og bera gestir sjálfir ábyrgð á umgengni barna við sundlaugar.



Um hverfið og staðsetninguna

Los Arenales er strandbær sem býður upp á alla nauðsynlega þjónustu með verslunum og veitingastöðum. Mjög stutt er frá íbúðarkjarnanum niður á ströndina sem er í 5 - 10 mínútu göngufæri. Strönd lengja Los Arenales er nánast samfelld sandfjara í átt til Alicante í norðri og til Santa Pola í suðri. Þar er mjög fjölbreytt þjónusta með úrvali veitingastaða, stórmarkaða og verslana. Um 10 mínútna akstur er til Sant Pola og um 5 mínútna akstur til Gran Alicant sem er þjónustukjarni sem ekið er í gegnum frá flugvellið á leið til Altomar III. Um 40 mínútna akstur er til Torriveija frá Los Arenales.

